



Ísafirði, 26. febrúar 2020.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Sent um samráðagáttina á [www.island.is](http://www.island.is)

Mál nr. 31/2020 (x).

Efni: Athugasemdir við drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja (x).

## I.

Í framangreindum breytingatillögum er gert ráð fyrir að „ . . . í stað þess að óheimilt sé að notast við keðjur og neglda hjólbarða á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október verði miðað við tímabilið frá og með 1. maí til og með 15. október. Þannig verði tímabilið sem almennt er heimilt að nota keðjur og neglda hjólbarða við akstur lengt um u.þ.b. mánuð.“

Samgöngufélagið hefur löngum talað fyrir því að dregið verði úr notkun nagladekkja hérlendis sem mest má verða. Með þeim tillögum sem hér eru kynntar er stefnt í öfuga átt og tímabil sem heimilt er að nota neglda hjólbarða lengt um allt að 20%.

Þótt negldir hjólbarðar geti vissulega aukið öryggi við vissar aðstæður, einkum á blautum ís, hefur reynslan sýnt að þeir eru notaðir umtalsvert umfram raunverulega þörf einkum á Suðvesturlandi. Er þá hvort tveggja haft í huga að ökutæki eru oft lengur með neglda hjólbarða fram á vorið en þörf er á og að á Faxaflóasvæðinu eru aðstæður oftast þannig að tæpast er þörf á slíkum hjólbörðum fyrir velflest ökutæki nema örfáa daga á ári. Einnig má hafa í huga að oft kunna negldir hjólbarðar að veita falskt öryggi þ.e. ökumenn telja sig geta ekið hraðar en aðstæður raunverulega leyfa ef hjólbarðarnir eru negldir. Það er því langt frá því að hjólbarðar búnir nöglum auki umferðaröryggi í vetrarumferð umtalsvert einir og sér.

Ekki kemur fram hver rök eru fyrir þessum áformum um lengra tímabil. Þó er ekki ólíklegt að þarna eigi ferðþjónustan einhvern hlut að máli vegna bílaleigubíla. Það hefur sýnt sig að bílleigur hafa notast mikið við neglda hjólbarða á þeim ökutækjum sem þau bjóða viskiptavinum sínum, sem oft eru erlendir ferðamenn sem eru óvanir akstri við vetraraðstæður. Hefur það jafnvel verið svo að ekki hefur reynst unnt að fá ökutæki leigt yfir veturinn öðruvísi en með negldum hjólbörðum þótt óskað væri eftir ónegldum hjólbörðum.

## II.

Af notkun negldra hjólbarða hlýst allt í senn umtalsvert slit á götum og vegum og draga þau þannig að vissu marki úr umferðaröryggi, þau valda mengun andrúmslofts (svifryk) og hávaða í grennd við þá staði sem ekið er og auka lítilliga orkunotkun ökutækja. Ónegldir vetrarhjólbörðar hafa aftur á móti tekið miklum framförum og munar ekki miklu á veggripi þeirra sem bestir eru og negldra hjólbarða við flestar aðstæður.

Ef niðurstaðan verður sú að tímabil negldra hjólbarða verður lengt þykir sjálfsgætt að setja heimild í (umferðar)lög til handa sveitarfélögum eða samtökum þeirra til að taka gjald fyrir slíka notkun, en fjárhæð þess gæti verið stighækkandi eftir því hvenær tímabilsins notkunin er.

Minnt skal á fund sem Samgöngufélagið stóð fyrir um málfefnið í apríl 2019 þar sem farið var yfir sjónarmið með og móti negldum hjólbörðum og gjalddöku af notkun þeirra. Má nálgast glærur frá þeim fundi á slóðinni [www.samgongur.is/nagladekk](http://www.samgongur.is/nagladekk). Þar er að finna efni þar sem ítarlega er rakið hvaða áhrif nagladekk geta haft á andrúmsloft, slit gatna, umferðaröryggi o.fl. auk sjónarmiða þar sem lagst er gegn gjalddöku. Sérstaklega skal vakin athygli á glærum sem fylgdu fyrirlestri frá norsku Vegagerðinni þar sem fjallað er um reynslu Norðmanna af gjalddöku fyrir notkun nagladekkja í helstu borgum, sem hefur leitt til að dregið hefur talsvert úr notkun negldra hjólbarða þar án þess að séð verði að það hafi áherif á umferðaröryggi. Sjá [hér](#) (á ensku).

Minnt skal á að í frumvarpi til umferðarlaga sem varð að lögum nr. 77/2019 þótti ekki fært að gera ráð fyrir heimild til handa sveitarfélögum til að leggja á gjald fyrir notkun nagladekkja. Í eldri gerð frumvarpsins sem kynnt var í samráðsgátt stjórnvalda hafði slík heimild verið inni en hún tekin úr frumvarpinu án skýringa. Þess í stað er heimild fyrir samgönguráðherra til að takmarka eða banna umferð á tilteknum svæðum um stundarsakir og er í umferðarlögum nr. 77/2019 (x) svohljóðandi ákvæði um það í 85. gr. Með feitletrun undirritaðs

#### 85. gr.

*Takmörkun eða bann umferðar um stundarsakir.*

Veghaldari getur, í samráði við lögreglu og almannavarnanefnd, þegar það á við, takmarkað eða bannað umferð vélknúinna ökutækja um stundarsakir á vegi sem hættulegur er vegna skemmda eða af öðrum orsökum þar til viðgerð er lokið eða hættu liðin hjá.

**Sveitarstjórn eða Vegagerðinni, þegar um þjóðveg er að ræða, er heimilt að takmarka eða banna umferð um stundarsakir á vegi eða svæði þegar mengun er yfir heilsufarsmörkum eða hættu er talin á að svo verði. Til grundvallar slíku banni skal liggja fyrir rökstuðningur fyrir takmörkun umferðar vegna mengunar, studdur mæliniðurstöðum og mengunarspám.**

**Takmarkanir á umferð vegna mengunar frá ökutækjum geta t.d. falist í breytingum á hámarks hraða, takmörkun á umferð stærri ökutækja eða takmörkun almennrar umferðar með því að heimila tilteknum bifreiðum akstur á ákveðnum svæðum eftir oddatölu/jafnri endatölu eða sambærilegum endabókstaf skráningarkerkjum. Upplýsingar um slíkar takmarkanir skulu gefnar með umferðarkerkjum og auglýsingum á opinberum vettvangi, svo sem á vefsetri Vegagerðarinnar eða sveitarfélags eða með öðrum tryggum hætti.**

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um úrræði og við hvaða kringumstæður grípa megi til takmarkana skv. 2. og 3. mgr. **Ráðherra getur einnig sett nánari reglur um notkun negldra hjólbarða, þ.m.t. á hvaða tímabili og við hvaða aðstæður notkun þeirra er heimil.**

Telja verður ólíklegt að þetta ákvæði nýtist að einhverju gagni til að draga úr notkun negldra hjólbarða.


Minnt skal á að í skoðanakönnun sem unnin var á landsvísu af Gallup fyrir Samgöngufélagið og lokið var við í maí 2019 var góður meirihluti þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu hlynur gjaldtöku til að draga úr notkun negldra hjólbarða þó því skuli til haga haldið að fleiri voru andvikir utan höfuðborgarsvæðisins. Sjá má skoðanakönnunina [hér](#)

Loks skal minnt á áætlun stjórnvalda um loftgæði „Hreint loft til framtíðar - Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029“ (x) sem ekki er annað vitað en að sé enn í gildi og í er að finna metnaðarfullar áætlanir um aukin loftgæði héraðs og aðgerðaráætlanir tengdar þeim. Þar segir (á bls. 15) „Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vinni að frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum nr. 80/2007, þar sem kveðið verði á um gjaldtöku fyrir árslok 2022 vegna nagladekkja með það að markmiði að draga úr notkun þeirra (sjá markmið 1. gr. reglugerðar um loftgæði).“

### III.

Að öllu framasögðu athuguðu er lagst gegn þeim breytingum á reglugerð um ökutækja sem lögð er til en til vara að ef hún hlýtur brautargegni verði markvisst stefnt að heimild til handa sveitarfélögum til gjaldtöku fyrir notkun negldra hjólbarða. Slíka gjaldtöku mætti útfæra með ýmsum hætti ef henni yrði komið á á höfuðborgarsvæðinu t.d. þannig að af ökutækjum af landsbyggðunum (þar sem fara þyrfti yfir 200 metra hæð) til að komast þyrfti ekki að greiða gjaldið, bílaleigur með mörg ökutæki fengju góðan afslátt o.s.frv. Möguleikarnir í þessum efnum eru fjölmargir og vel hægt að búa svo um hnúta að flestir geti bærilega við unað án þess að umferðaröryggi verði skert.

F.h. Samgöngufélagsins



Jónas Guðmundsson  
fyrirsvarsmaður